

Mál nr. 371/2009

M

og

Vátryggingafélagið V v slysatryggingar sjómanna

Sjómaður fékk hnykk á vinstra hné og meiddist þ.16.3.2009.

Gögn.

1. Málskot móttengið þ. 21.10.2009 ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Bréf V dags. 16.11.2009.

Málsatvik.

M sem var við vinnu sína sem sjómaður á hafi úti, segist hafa verið að setja pönnu í frystitæki þegar hann rann og fékk hnykk á vinstra hné og varð óvinnufær eftir slysið og var fluttur í land. M gerir kröfu til bóta úr slysatryggingu sjómanna hjá V. Ekki er ágreiningur um að M hafi orðið fyrir því slysi sem að ofan greinir en ágreiningur er um bótaskyldu úr slysatryggingu sjómanna. M gerði sérstakan ráðningarsamning við útgerð skipsins sem hann vann á í umrætt sinn. Í ráðningarsamningnum lýsir M því yfir eftir bestu vitun að hann sé ekki haldinn neinum þeim sjúkdómi, t.d. bakverkjum eða meiðslum, sem hafi í för með sér líkur á fyrirsjáanlegum forföllum á ráðningartímanum. Af hálfu V er því haldið fram að M hafi gefið rangar upplýsingar við gerð ráðningarsamningsins og eigi af þeim sökum ekki rétt á bótum úr slysatryggingu þeirri sem hér ræðir um. Af hálfu M er því haldið fram að M hafi undirritað staðlaðan ráðningarsamning við útgerðina í umrætt sinn og hafi V sönnunarbyrðina fyrir því að M hafi leynt upplýsingum um heilsufar sitt með sviksamlegum hætti eða verið meðvitaður um meiðslin. Þá sé ljóst að við undirritun sé M að gefa yfirlýsingu sem eigi við á þeim tímapunktu sem hann undirritar yfirlýsinguna. Þá er á það bent að 17 mánuðir hafi verið liðnir frá því að M fékk áverka á vinstra hné þangað til að hann réði sig í umrætt skiprúm. Þá er á það bent að ráðningarsamningurinn sé á milli M og útgerðar skipsins en ekki sé kveðið á um upplýsingagjöf til vátryggingafélags útgerðarinnar.

Álit.

Í málinu liggur m.a. fyrir læknisvottorð Sigurjóns Kristinssonar yfirlæknis sem segir að M hafi lent í slysi um 15 mánuðum áður en það slys sem hér ræðir um átti sér stað. Í læknisvottorðinu kemur fram að M varð fyrir alvarlegum meiðslum á vinstra hné 15 mánuðum fyrir slysið og hafi bæklunarlæknir talið ólíklegt að M kæmist aftur á sjó. Það liggur því fyrir með óyggjandi hætti að M gaf ekki réttar upplýsingar um heilsufar sitt þegar hann undirritaði ráðningarsamning við útgerðina áður en hann fór á sjó í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slystatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík 1.12. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.